

Nd.

174. Frumvarp til laga

um lendingarbætur í Grindavík.

Flm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Til lendingarhóta í Járngerðarstaðahverfi í Grindavík í Gullbringusýslu skal úr ríkissjóði veita helming kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnunálaráðherra samþykkir, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 150 þúsund krónum, gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að. Fjárhæð þessi greiðist lendingarsjóði Járngerðarstaðahverfis að jafnri tiltölu og lendingarsjóðurinn leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 150 þúsund króna lán, er hreppsnefnd Grindavíkurhrepps kann að taka í innlendri lánsstofnun til lendingarbótanna.

Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að umsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnunálaráðherra telur til þess færán.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera lendingarbæturnar eða undir brautir og vegi í þarfir þeirra, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér, allt gegn því, að sanngjarnar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr lendingarsjóði Járngerðarstaðahverfis.

Nú vill annar hvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga, frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal

framkvæma á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefur krafizt, ef matsfjárhæðinni verður ekki breytt meir en um 10% frá hinnu ákveðnu endurgjaldsfjárhæð, annars greiðist kostnaðurinn úr lendingarsjóði.

4. gr.

Meðfram strandlengju þorpsins, eftir því sem nánar verður til tekið í reglugerð, má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki hreppsnefndar Grindavíkurhrepps komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum frá kr. 1000.00 til 10000.00 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa þrír menn, er hreppsnefnd Grindavíkurhrepps kys. Skulu þeir kosnir á fyrsta fundi nýkosinnar hreppsnefndar, og gildir kosning þeirra jafnlengi og hreppsnefndarinnar.

Til sama tíma skulu kosnir jafnmargir varamenn. Hreppsnefnd Grindavíkurhrepps, sú sem nú situr, fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndar-kosningar fara næst fram.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þágu lendingarinnar. Hreppsnefnd Grindavíkurhrepps ábyrgist skuldir sjóðsins, og hreppsnefndin er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Hreppsnefndin má ekki án leyfis atvinnuáráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir eða taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd upp af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán og ekki heldur gera mannvirki við lendinguna svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til að standast kostnað við byggingu og viðhald lendingarvirkjana og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Járngerðarstaðahverfis allt að 5% af brúttóverði afla hvers báts, sem haldið er úti til fiskveiða frá Járngerðarstaðahverfi, vörugjald af vörum, sem fluttar eru í land eða úr landi í hverfinu, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkvæmt 12. gr. Heimilt er að innheimta gjöld í lendingarsjóð, þegar byrjað er á verkinu.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 15. desember ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs semja áætlun um tekjur og gjöld lendingarsjóðs næsta ár og senda hana atvinnuáráðuneytinu til samþykktar.

11. gr.

Stjórn lendingarsjóðs skal í ársbyrjun gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðna árinu. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Grindavíkurhrepps semur og atvinnuáráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, sem lýtur að stjórn lendingarsjóðs,

viðhaldi, umferð og góðri reglu í lendingunni, báta- og bryggjugjöld o. fl. Í reglugerð má ákveða um sektir fyrir brot gegn henni, og renni sektir í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem opinber mál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er farið fram á fjárstyrk og ríkisábyrgð til þess að gera lendingarbætur í Grindavík. Hefur nauðsyn slíkra lendingarbóta vaxið mjög á síðustu árum vegna breyttra aðstæðna. Þykir sú þörf bezt rökstudd með því að prenta hér umsögn hinna kunnugustu manna, þeirra Einars G. Einarssonar kaupmanns, séra Brynjólfs Magnússonar og Ólafs Árnasonar kaupmanns, en allt eru þetta valinkunnir menn og búsettir í Grindavík. Þeim farast þannig orð:

Fylgiskjal I.

Eins og kunnugt er, er mjög brimasamt í Grindavík og hafnleysi, að heita má, með allri ströndinni frá Reykjavík til Þorlákshafnar. En þrátt fyrir það hefur jafnvel frá landnámstíð verið þar gott fiskiver, og á einokunartímanum, meðan verzlun var rekin þar, var hún jafnvel leigð fyrir svipað verð og Hólmshöfn, vegna þess hvað hún var góð skreiðarhöfn. Þess má og geta, að um lengri tíma hafði Skálholtið biskupsstóll þar mikla útgerð, og mun það sérstaklega hafa stafað af því, hvað Víkin þótti gott aflapláss.

Á meðan eingöngu voru notaðir opnir róðrabátar til fiskveiða, var hafnleysið ekki eins bagalegt og nú, því að þeir voru settir í naust að loknum hverjum róðri. Þegar árabátarnir lögðust niður, voru settar vélar í opna báta, og hófst þá hin svo nefnda trillubátaútgerð, sem í mörgum greinum reyndist léttari, en jafnframt áhættumeiri á hinum úfna sjó sunnan Reykjaness, svo að skipskaðar áttu sér stað eingöngu vegna þess, að dugmiklir og áráðnir sjómenn sóttu lengra og út í meiri storma en bátarnir voru færir um að mæta og hægt var að komast með árum og seglum eingöngu. Til þess að reyna að koma í veg fyrir manntjón af þessum ástæðum voru bátarnir stækkaðir nokkuð og sett þilför í þá, en jafnframt urðu þeir svo þungir, að eigi var hægt að setja þá, svo sem venja var. Þá var reynt að leggja þeim við festar á hina svo kölluðu Járngerðarstaðavík, en þar mátti heita, að þeir lægju innan um brimgarðinn, og var því illt að fá þá tryggða þar fyrr en í aprilmánuði, en þá er vertið meira en hálfnuð. Auk þess er ekki rúm þar fyrir meira en 2—3 báta, ef þeir áttu ekki að slást hver utan í annan og brjóta hver annan í brimgarðinum. Þetta virtist því með öllu ófært.

Innst í botni Járngerðarstaðavíkur og innan við svo kallað Rif, sem er malar- og grjótkambur, er liggur frá vesturlandinu austur í Hópsnes og sjór rennur yfir í flestum flóðum, en sést þó á háhryggina í smástraum, er hið svo kallaða Hóp. Það er allstórt lón, nokkur þúsund fermetrar. Þangað nær aldrei brim, og er þar því hin tryggasta bátahöfn, ef hægt er að notfæra sér það. Mundu þar rúmast nokkrir tugir báta.

Árið 1939 var gerð tilraun til að grafa ós í gegnum rífið, ef vera mætti, að hægt yrði að koma þilfarsbátum þangað inn með hálföllnum sjó, svo og til að rannsaka, hvort í því væri klöpp eða aðeins malarhryggir eins og á yfirborðinu.

Þetta var gert af miklum vanefnum með aðeins kr. 5000.00 hjálp af atvinnubótafé. Hitt lögðu bátaeigendur fram. Þessi tilraun gaf árangur fram yfir allar vonir. Ekki varð vart við neina klöpp, heldur einungis hnullungssteina, mól og sandleir. Dálitla rás tókst að grafa, sem þó er um helming of mjó og mikið of grunn. Þess vegna er ekki hægt að koma bátum þangað inn nema með meira en hálföllnum sjó, en það eru svo mikil óþægindi, að ómögulegt er við að búa, ef hægt er úr að bæta. Það er og knýjandi nauðsyn að fá bryggju inni í Hópinu, svo að hægt sé að leggja þar afla á land, þegar með þarf. Sama má segja um ljósmerki inn í Hópið og yfirleitt alla liðina í áætlun vitamálskrifstofunnar, að ómögulegt er án þeirra að vera, ef mögulegt er úr að bæta, og mun það, sem kostað er til þeirra framkvæmda, fljótlega endurgreiðast í aukinni útgerð og afla. Enda yrði þá Hópið í náginni framtíð lendingar- og legustaður fyrir allan útveg hreppsins. Ríkissjóður og einstaklingar hljóta því í framtíðinni að hafa hagnað af þessum framkvæmdum.

Grindavík, 6. okt. 1943.

Hafnarnefnd Grindavíkur.

Einar G. Einarsson. Brynj. Magnússon. Ólafur Árnason.

Kostnaðarhlið málsins og annað, er að fyrirhuguðum lendingarbotum lýtur, þykir bezt skýrð með eftirfarandi álitserð vitamálastjóra:

Fylgiskjal II.

VITAMÁLASTJÓRINN

16. sept. 1943.

Grindavík — áætlun um hafnarbætur.

- I. **Bátabryggja.** Gert er ráð fyrir að gera bátabryggju inni í Hópi, rétt norðan við svo nefnda Kviavík. Er bryggja þessi 7 m breið, 40—50 m löng og nær út á ca. 0,5 m dýpi miðað við stórstraumsfjöruborð. (Fjöruborð inni í Hópi er nú ca. 1 m hærra en fyrir utan.) Er bryggja þessi með steypum veggjum, grjótfyllt og með steyptri þekju. Er hún hallandi í sjó fram (halli 1 : 30). Kostnaðarverð bryggju þessarar er áætlað kr. 60000.00.
- II. **Breikkun rásarinnar.** Sé rásin breikkuð um helming eða ca. 10 m, fengist fyrst sémilegt svigrúm fyrir báta að sigla út og inn, og verður því sú breikkun að teljast nauðsynleg.
Útgröftur rásarinnar 1939 kostaði um kr. 13800.00. Virðist samkvæmt því hæfilegt að áætla, að ofanefnd breikkun kosti um fjórum sinnum meira eða kr. 55000.00.
- III. **Uppsetning sjómerkja.** Til þess að merkja legu rásarinnar, svo að bátar geti siglt örugglega inn og út í myrkri, er nauðsynlegt að steypa þrjá stólpa í beinni röð meðfram t. d. vesturbrúninni og koma fyrir ljósmerki í toppi hvers stöpluls. Yrðu þá stöplarnir að ná helzt ekki minna en ca. 2 m upp fyrir stórstraumsflóð. Væri heppilegt að gera þetta samtímis bryggjunni, og má þá áætla, að þessi útbúnaður mundi kosta um kr. 20000.00.
- IV. **Dýpkun rásarinnar.** Þar sem rásin er svo grunn, að bátar komast ekki um hana, nema talsvert hásjávað sé, og verða því oft og einatt að biða aðfalls, svo að klukkutímum skiptir, leiðir af sjálfu sér, að mjög væri æskilegt að dýpka hana talsvert, svo að fært yrði um hana á flestum tímum. Til þess að framkvæma það yrði að fá grafvél, og mætti þá jafnframt nota hana til að dýpka Hópið sjálft, eftir því sem þurfa þætti. Eins og sakir standa, er tæplega nema um eitt slíkt tæki að ræða hér á landi, sem sé grafvél Reykjavíkurhafnar. Hvort hún

hins vegar fengist í þetta verk og með hvaða kjörum, er óvíst. Hitt má telja víst, að verkið yrði tiltölulega seinunnið og dýrt, þar sem ekki er hægt að vinna að verkinu nema um hásjávað. Þar, sem mól er í botni, ætti að vera hægt að grafa hana upp með þessu tæki. Ef rásin yrði dýpkuð um 1,5 m ca. 18 m breidd, þyrfti að grafa upp um 6000 m³.

Hvað uppgröftur kostaði pr. m³, er erfitt að áætla með vissu. Ef gert væri ráð fyrir, að uppgröfturinn kostaði kr. 12.00 pr. m³, yrði kostnaðurinn kr. 72000.00.

- V. **Dýpkun Hópsins.** Það verður að teljast æskilegt að dýpka jafnframt Hópið nokkuð. Mætti þá gera ráð fyrir, að dýpkað yrði um' 1 m á ca. 100 m löngu og 50 m breiðu svæði upp af rásinni, og yrði það þá 5000 m³. Mætti áætla, að sú dýpkun mundi kosta kr. 6.00 pr. m³ eða kr. 30000.00.
- VI. **Viðgerð á núverandi bátabryggju.** Enn fremur verður að teljast óumflýjanlegt að steypa nýtt dekk á núverandi bátabryggjur, þar sem þær verða að notast a. m. k. með lágum sjó eftir sem áður.
- * Kostnað við þetta má áætla kr. 60000.00.

Heildarkostnaðurinn yrði þá sem hér segir:

I. Bátabryggja í Hópi	kr.	60000.00
II. Breikkun rásarinnar	—	55000.00
III. Uppsetning sjómerkja	—	20000.00
IV. Dýpkun rásarinnar	—	72000.00
V. Dýpkun Hópsins	—	30000.00
VI. Viðgerð á núverandi bátabryggju	—	60000.00
		<hr/>
	Kr.	297000.00 eða kr. 300000.00